



## Minnisblað

Efni: **Rafmagnssamningur við PCC Bakka Silicon hf.**

Landsvirkjun undirritaði rafmagnssamning við PCC Bakka Silicon hf., íslenskt dótturfélag PCC SE frá Þýskalandi þann 28. júní 2012. Samkvæmt samningnum mun Landsvirkjun afhenda rafmagn unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum í jarðhitavirkjunum í Þingeyjarsýslum til verksmiðjunnar sem PCC áætlað að reisa á Bakka við Húsavík. Áætlað er að kísilmálmverksmiðjan, sem verður með 32 þúsund tonna framleiðslugetu, taki til starfa á fyrri hluta árs 2016 og þurfi 52 MW af afli eða 456 GWst af raforku á ári.

Samningurinn gildir í 15 ár frá því verksmiðjan tekur til starfa. Forsendur fyrir gildistöku samningsins eru m.a. að PCC Bakki Silicon hf. fái öll tilskilin leyfi til rekstur og byggingar kísilmálmverksmiðju á Bakka. Ennfremur að PCC Bakki Silicon hf. nái samkomulagi við Landsnet hf. um að tengja verksmiðjuna við flutningskerfið. Gert er ráð fyrir að forsendur samningsins verði uppfylltar fyrir 1. maí nk.

Kísilmálmur er unninn á svipaðan hátt og járnbendi, sem framleitt er í járnbendiverksmiðju Elkem á Grundartanga. Kísilmálmur er mest notaður sem íblöndunarefni í áliðnaði þar sem slík íblöndun eykur styrk áls. Eftirspurn eftir áli eykst stöðugt vegna aukinnar notkunar í flutningatækjum og í byggingariðnaði. Auk þess er hreinsaður kísilmálmur helsta hráefni í sólarrafala.

Kísilmálmframleiðsla er spennandi framtíðarmöguleiki í iðnaðarframleiðslu á Íslandi þar sem hægt er að bjóða raforku á samkeppnishæfustu kjörum í Evrópu. Fyrirtæki PCC Bakka Silicon er enn ein góð viðbót við viðskiptavinahóp Landsvirkjunar og eykur fjölbreytileika hans, sem er eitt af markmiðum markaðsstefnu fyrirtækisins. Jafnframt mun verkefnið styrkja iðnaðaruppbygginguna á Norðausturlandi, sem er með áhugaverðustu svæðum til iðnaðarþróunar í Evrópu.

Síðustu mánuði hefur Landsvirkjun fundað reglulega með PCC SE um tímasetningar og framvindu verkefnisins. Um þessar mundir er lögð í verði kísilmálms á mörkuðum. Af þeim sökum er hugsanlegt að aðilar muni endurskoða tímasetningar í verkefninu á þann veg að fresta ákvarðanatöku. Það mun koma í ljós á næstu vikum hvernig framvindan verður hvað þetta varðar, en þangað til er miðað við þá tímaáætlun sem nefnd er hér að framan.

Um PCC:

PCC myndar alþjóðlegan hóp fyrirtækja sem starfa undir forystu PCC SE með aðsetur í Duisburg, Þýskalandi. Starfsmenn PCC eru um 2.300 í yfir 70 dótturfélögum og tengdum félögum með starfsemi í 12 löndum. Framleiðsla og sala PCC fer fram á þremur sviðum, efnavöru, orku og flutningaþjónustu. Velta ársins 2011 var 614,8 milljónir evra. Nánar um PCC á [www.pcc.eu](http://www.pcc.eu).